

REGLUGERÐ
um (1.) breytingu á reglugerð nr. 726/2020,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2020/2021.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Leyfilegur heildaraflí tilgreindur í tonnum í óslægðum botnfiski, íslenski sumargotssild og óslitnum humri, frádráttur sbr. 3. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða og úthlutun Fiskistofu á grundvelli aflahlutdeildar er sem hér segir:

Tegund	Leyfilegur heildaraflí	5,3% frádráttur frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006	Fiskistofa úthlutar aflamarki á grundvelli aflahlutdeildar
1. Þorskur	254.273	13.476	240.797
2. Ýsa	44.419	2.354	42.065
3. Ufsi	78.344	4.152	74.192
4. Steinbítur	8.761	464	8.297
5. Gullkarfi	34.379	1.822	32.557
6. Keila	1.429	76	1.353
7. Langa	4.430	235	4.195
8. Djúpkarfi	12.384	656	11.728
9. Litli karfi	684	36	648
10. Grálúða	13.271	703	12.568
11. Sandkoli	236	13	223
12. Skrápflúra	15	1	14
13. Skarkoli	7.037	373	6.664
14. Langlúra	854	45	809
15. Þykkvalúra/sólkoli	1.073	57	1.016
16. Skötuselur	503	27	476
17. Humar	0	0	0
18. Íslensk sumargotssild ¹⁾	35.490	1.881	28.609
19. Blálanga	406	22	384
20. Hlýri	314	17	297
21. Gullax	8.729	463	8.266

¹⁾ 5.000 tonn af íslenski sumargotssild skulu flutt af fiskveiðiárinu 2020/2021 til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar á fiskveiðiárinu 2019/2020 skv. ákvæði I til bráðabirgða.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 23. júlí 2020.

F.h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Arnór Snæbjörnsson.

Guðmundur Jóhannesson.